

Stjórnarfund KAÍ 23.02.2023 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Reinharð, Elías, Mæja, Ronja og á Zoom: Sigbór, Gunnlaugur og Hafþór.
Rut boðaði forföll.

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum.
 - a. Reinharð lagði til óbreytta stjórn. Samþykkt samhljóða.
2. Samþykktir og tillögur frá karateþingi.
 - a. Fjárhagsáætlun 2023. Lagt til að iðkendagjaldið hækki í 2.500 kr per iðkanda.
 - b. Ákveðið að hækka mótagjöldin. Verðlisti KAÍ hefur verið uppfærður.
 - c. Reglur um Íslandsmeistaramót. Skráningu breytt úr fæðingarári í fæðingardag á mótsdegi. Ákveði að breyta 12 og 13 ára flokkum í kumite í U14 eins og hjá WKF. Sett inn þingdarskipting á flokkana, 50 kg hjá piltunum og 47 kg hjá stúlkunum. Tekið út úr 12. grein að hægt væri að keppa upp fyrir sig í aldri í kumite.
 - d. Tillaga um að stofna starfshóp um að skapa jákvætt, aðgengilegt og hvetjandi karate umhverfi fyrir hinsegin fólk. Lagt til að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum til að koma í starfshópinn sem mun skila af sér tillögu/um fyrir formannafund í ágúst lok.
3. Landsliðsmál – landsliðsnefnd.
 - a. Fulltrúar í landsliðsnefnd eru Elías Guðni – formaður, Svana Katla og Telma Rut.
 - b. Nokkur umræða varð um störf nefndarinnar og var ákveðið að formaður KAÍ og formaður landsliðsnefndar færu á næstu æfingar hjá landliðsþjálfurunum og ræddu við keppendur um viðhorf þeirra til æfinga og landsliðsferða. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort gera þarf breytingar.
4. Mótamál –mótanefnd og fulltrúar félaganna í henni.
 - a. Mæja er formaður. Fulltrúar frá 6 félögum eru í nefndinni. Enn og aftur ætla Mæja að senda út áminningu til félaganna að tilnefna fólk í nefndina. Þurfum að hafa fulltrúa frá öllum virkum félögum og helst tvo.
5. Dómarnefnd – nefndarmenn
 - a. Óbreytt dómaranefnd. Helgi Jóhannesson baðst lausnar tímabundið, eða fram á haust.
 - b. Pétur Freyr tekur við sem formaður á meðan. Kristján Ó. meðstjórnandi.
6. Önnur mál
 - a. Ákveðið að ræða við Elínu í Aftureldingu um að gera myndbönd um karate íþróttina sem hægt er að nota við útbreiðslu karate á samfélagsmiðlum.